

Ed. **224. Frumvarp til laga** [106. mál]
um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „Á árinu 1948“ í upphafi 2. gr. laganna komi: Á árinu 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram samkvæmt ósk fjármálaráðherra, en framtalsnefnd hefur tjáð fjármálaráðuneytinu, að sökum þess hve öll gögn varðandi eignarauka-skatt samkv. II. kafla laga nr. 128/1947 bárust nefndinni seint frá skattanefndum víðsvegar á landinu, hafi ekki unnizt tími til að leggja skattinn á á yfirstandandi ári, eins og ráð var fyrir gert. Fyrir því þykir nauðsyn bera til að breyta téðum lögum svo sem að framan greinir.